

Ed.

1329. Breytingartillögur

[455. mál]

við frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við 4. gr.

- a. 3. másl. 1. tl. orðist þannig: Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í þessu skyni með innlendri lánsfjáröflun.
- b. 2. másl. 2. tl. orðist þannig: Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla með innlendri lánsfjáröflun í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar.
- c. 3. tl. orðist þannig:

Að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði samtals allt að 200 milljónum króna og endurlána hlutafélagi skv. 1. gr. án sérstakra trygginga til 5—7 ára og að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar að fjárhæð samtals allt að 300 milljónum króna.